

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	29.04.21
Málalykill	00.10.0
Mál nr.	2104065

Kópavogur, 28. apríl 2021

Gunnar Einarsson bæjarstjóri

EFNI: Framtíðar fjármögnun Fjölsmiðjunnar – forvarnir - vinna – virkni eða nám

Fjölsmiðjan á höfuðborgarsvæðinu fagnaði 20 ára afmæli í ár og hefur gegnt viðamiklu forvarnarhlutverki til að tryggja að ungt fólk sem vegna einhverra aðstæðna vegna hefur ekki verið virkt í vinnu eða námi. Fjölsmiðjan hefur með sínum aðferðum haft áhrif á það að yfir þúsund ungmenni hafa notið endurhæfingar til virkni farið í vinnu eða nám. Hefur starf Fjölsmiðjunnar þannig sannað forvarnargildi sitt í gegnum árin og hefur átt náið og gott samstarf með velferðarsviðum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, Vinnumálastofnun, ráðuneytum félagsmála og menntamála auk þess að hafa einnig átt í samstarfi við Virk.

COVID – Tekjumissir – Aukin aðsókn

Nú á tímum COVID19 hefur aðsókn í úrræði Fjölsmiðjunnar aukist mjög og biðlistar lengjast. Þá má búast við þegar faraldurinn fer undan að láta og samfélagið að færast í eðlegra horf að eftirspurnin aukist enn frekar. Þekkt er að áföll og varvirkni gera oft ekki almennilega vart við sig fyrr en síðar, þegar ástand er yfirstaðið og þá má búast við fjölda ungmenna sem þurfa á þjónustu Fjölsmiðjunnar að halda.

Fjölsmiðjan hefur orðið fyrir miklu tekjufalli vegna faraldursins meðal annars vegna þess að verulega hefur dregið úr sölu á máltíðum í veitingadeildinni og önnur verkefni hafa glatast vegna breytinga í atvinnulífinu. Þar að auki hefur Fjölsmiðjan mátt búa við afar þröngan fjárhagslegan kost í fjölda ára meðal annars þar sem styrkir bakhjarla hafa ekki hækkað í takti við vísitölu og kjarahækkunar.

Lokun á deild – hefur áhrif á stúlkur

Nú er svo komið að Fjölsmiðjan hefur þurft að loka handverksdeildinni til að geta staðið undir rekstri ársins 2021. Lokun handverksdeildar hefur veruleg áhrif á starfsemina og kemur helst niður á stúlkum en flestar stúlkur sem hafa notið þjónustu Fjölsmiðjunnar hafa valið sér verkefni í handverksdeildinni. Erfiðara hefur reynst að mæta þörfum þeirra í öðrum deildum, þó sannarlega sé lögð áhersla á að svo sé gert. Næmar í Fjölsmiðjunni eru nú um 70% drengir og 30% stúlkur, því er gríðarlega mikilvægt að handverksdeildin nái að opna sem fyrst og verði öflugri en áður þannig að hægt sé að þjóna öllum kynjum sem best á þeirra forsendum.

Framhaldsfræðsluaðili – betri þjónusta – fleiri í nám

Fjölsmiðjan fékk nýlega viðurkenningu sem framhaldsfræðsluaðili sem gerir það að verkum að nemar Fjölsmiðjunnar geta sótt einingabært nám í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu og fá einingarnar að fullu metnar. Mikilvægt er að tryggja fjármagn til að efla enn frekar þessa þjónustu og þar með að hafa áhrif á það að fleiri nemar en áður skila sér í framhaldsskólanám.

Styrkja þarf rekstur – 3 ára áætlun

Með þessu bréfi er biðlað til bakhjarla Fjölsmiðjunnar að tryggja viðbótar 50 - 60 m.kr. á ári til reksturs starfseminnar næstu þrjú árin 2021-2024 þannig að hægt sé að bæta gæði þjónustunnar, mæta aukinni eftirspurn og kostnaðarhækkunum.

Með vinsemd og virðingu.



Ellen Calmon formaður stjórnar Fjölsmiðjunnar á höfuðborgarsvæðinu

Sturlaugur Sturlaugsson framkvæmdastjóri Fjölsmiðjunnar á höfuðborgarsvæðinu

